

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Á Tjarnargötu frá Hringbraut að húsinu nr. 33, austan megin götunnar.
2. Á Vegamótastíg milli Grettisgötu og Skólavörðustígs.
3. Á Lönguhlíð, en þar nær bannið til vörubifreiða og fólksbifreiða yfir 10 farþega.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. september 1964.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvíkurhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps er hérmeð skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 bannað að aka fram úr ökutækjum á ferð á Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík á svæðinu frá húsinu Þórshöfn að bæjarmörkum Keflavíkur.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. september 1964.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.

AUGLÝSING

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 85 30. maí 1962.

1. gr.

Eftir fyrstu málsgrein 13. greinar lögreglusamþykktar fyrir Kópavogskaupstað koma þessar málsgreinar:

„Bæjarráð getur heimilað starfrækslu kjörbúðavagna á þeim stöðum, þar sem fyrirhugað er að byggja matvöruverzlanir samkvæmt skipulagi og á óskipulögðum svæðum, þó ekki nær fastri lögleyfðri verzlun en 450 metra mælt eftir skipulögðum götum og gangstígum.

Ef fleiri en einn aðili rekur kjörbúðavagna, getur bæjarráð sett reglur um verzlunartíma þeirra á hverjum stað.“